



Samtök iðnaðarins

ÁRSSKÝRSLA **2009**



Ársskýrsla 2009



Stjórn Samtaka iðnaðarins 2009



Helgi Magnússon
formaður



Þorsteinn Víglundsson
varaformaður
BM Vallá ehf.



**Aðalheiður
Héðinsdóttir**
ritari
Kaffitár ehf.



Anna María Jónsdóttir
Heilsueyja ehf.



**Tómas Már
Sigurðsson**
Alcoa Fjarðaál



Loftur Árnason
Ístak hf.



Ingvar J. Kristinsson
Fjölblendir ehf.

Stjórn Samtaka iðnaðarins er skipuð sex körlum og tveimur konum úr röðum félagsmanna. Þau bera ábyrgð á stefnumörkun og áherslum í starfinu en framkvæmdastjóri og starfsfólk sjá um nánari útfærslu og framkvæmd. Stjórnin kom saman til 13 formlegra stjórnarfunda. Reglur um stjórn eru þannig úr garði gerðar að sífelld endurnýjun er innan stjórnarinnar og er það án nokkurs vafa einn af styrkleikum SI að enginn getur setið lengur en sex ár í stjórninni. Þá þarf hver stjórnarmaður að fá endurnýjað umboð á tveggja ára fresti en formaður árlega.



Andri Þór Guðmundsson
Ölgerð Egils Skallagrímssonar ehf.

Stöðugt og öruggt

Getum ekki treyst á guð og lukkuna

Iðnaðurinn verður að búa við stöðugleika eigi hann að geta risið undir því mikilvæga hlutverki að verða burðarásinn í nauðsynlegum vexti framtíðarinnar. Hann verður líka að búa við samkeppnishæf starfsskilyrði við það sem best gerist annars staðar.

- Stöðugleikinn á ekki eingöngu við gjaldmiðil, vexti og efnahagsumgjörðina þar sem blasir við að ganga í Evrópusambandið og taka upp evru.
- Stöðugleikinn á ekki síður við að atvinnulífið verður að geta treyst á stefnufestu stjórnvalda og að stjórnvíslan sveiflist ekki til og frá eftir pólitískum vindum eða áhugamálum einstakra ráðherra eða embættismanna.
- Traust og festa í samskiptum er okkur nauðsynleg, bæði innanlands og utan.
- Iðnaður og atvinnulíf framtíðarinnar þrífst ekki nema við tökum okkur taki í þessum eignum.

Samtök iðnaðarins helga starf sitt þessum verkefnum.


Helgi Magnússon

Þróng staða á vinnumarkaði

Hátt stig atvinnuleysis er augljósasta birtingarmynd þeirra efnahagserfiðleika sem við er að etja. Í árslok voru um 16.000 manns atvinnulausir en það jafngildir um 9% atvinnuleysi. Í ársbyrjun voru um 10.000 manns atvinnulausir og þeim fjölgaði hratt á fyrri hluta ársins. Ríflega 60% atvinnulausra eru karlar en atvinnuástandið er einna verst á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu.

Í iðnaði er ástandið verst í byggingariðnaði og mannvirkjagerð enda ljóst að efnahagssamdrátturinn hefur hvergi haft jafn slæm áhrif og þar. Þegar starfsmannafjöldi náði hámarki snemma árs 2008 voru 17.500 manns starfandi í greininni en hefur fækkað mjög mikið síðan. Hlutfallslegt atvinnuleysi er einnig mest í þeirri atvinnugrein. Best er atvinnuástandið í tækni-geiranum og málmiðnaði og þar virðist vera talsverð eftirspurn eftir starfsfólki.

Laun, atvinnuleysi og kaupmáttur 2007-2009



Ríflega helmingur atvinnulausra er eingöngu með grunnskólapróf og hlutfallslegt atvinnuleysi meðal þess hóps er tæp 14%. Í hópi þeirra, sem hafa verið atvinnulausir í meira en 6 mánuði, er hlutfallið enn hærra.

Eftir að gengi krónunnar féll árið 2008 og verðbólga jókst mikið í kjölfarið hefur kaupmáttur launa fallið

skarplega. Frá því að kaupmáttur náði hámarki í ársbyrjun 2008 hefur hann fallið um 13% og er nú svipaður og í ársbyrjun 2003. Miðað við horfur á vinnumarkaði og verðbólgu er líklegt að kaupmáttur haldi áfram að minnka á þessu ári en þó mun hægar en 2009.

Meistarabréf á ensku

Samtök iðnaðarins hafa þýtt náms- og færnikrófur iðnmeistarar á ensku. Töluvert er um að iðnmeistarar leiti sér vinnu erlendis eða hugleiði að gera slíkt. Mikilvægt er að þeir geti þá sýnt fram á þekkingu sína og hæfni, t.d. með yfirliti um menntun og fyrri störf. M.a. skiptir máli að meistarar hafi þá á reiðum höndum lýsingu á námi til iðnmeistaraprófs.

Þýðingu Samtaka iðnaðarins á námsmarkmiðum til iðnmeistaraprófs, sbr. gildandi námskrá frá 1996, er unnt að nálgast á vefsetri Samtakanna, www.si.is. Eins geta menn fengið þýðinguna senda í pósti.



Virðisaukinn endurgreiddur

Nú ferðu allan virðisaukaskattinn endurgreiddan af greiddum vinnulatum við framkvæmdir við íbúðarhúsnæði eða sumarihúsum, hvort sem um er að ræða nýbyggingu eða eldra húsnæði sem þarf fast viðhald eða viðbóta. Endurgreiðslan verður í boði til 1. janúar 2011.

Nánari upplýsingar er að finna á www.si.is/vsk.



SI Samtök iðnaðarins - www.si.is

SI fagna 100% endurgreiðslu

Alþingi samþykkti á fyrri hluta árs lög um 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts af allri vinnu á byggingarstað íbúðarhúsnæðis. Lögin eiga við nýframkvæmdir og viðhald eldra íbúðarhúsnæðis auk vinnu við nýbyggingar, viðhald og viðbætur sumarbústaða. Þá er nýlunda að allar fasteignir sveitarfélaga falla undir lög. Nýju lög gilda til 1. janúar 2011. Áður nam endurgreiðslan 60%. Að ná þessu í gegn hafði verið eitt af baráttumálum SI frá því að krepkan skall á haustið 2008. Samtökin fylgdu lögnum eftir með auglýsingum í dagblöðum.

Könnun á ástandi og horfum

Á árinu gerðu starfsmenn SI tvær símakannanir meðal stærri félagsmanna þar sem spurt var um ástand og horfur. Spurningarnar snérust einkum um starfsmannamál, verkefnastöðu, samskipti við viðskiptabanka og svarta atvinnustarfs-emi.

Tilgangur með þessum könnunum er að safna saman upplýsingum um stöðu mála og þar með að skerpa sýn á þau áhersluatriði sem Samtökin þurfa að setja á oddinn hverju sinni. Einnig er tilgangurinn að efla tengslin við félagsmenn og er skemmst frá því að segja að mörg af þessum símtölum voru löng þar sem farið var vítt yfir sviðið. Þótti mörgum léttir í því að geta rætt vandamál tengd rekstri sínum og heyra að staða þeirra var ekkert ólík svo margra annarra.



Veljum íslenskt
– okkar hagur!

SI

Samtök iðnaðarins - www.si.is



Ungt fólk heimsækir Héðin

Samtök iðnaðarins hafa milligöngu um heimsóknir nemenda í fyrirtæki. Í nóvember fóru um 20 nemendur úr Ölduselsskóla í heimsókn til málmíðnaðarfyrirtækisins Héðins í Hafnarfirði. Forstjórinn, Guðmundur Sveinsson, tók á móti unga fólkinu og fræddi það um fyrirtækið. *Samtök iðnaðarins eru reiðubúin að vinna með áhugasömum aðilum, námsráðgjöfum og fyrirtækjum, við að kynna nám og störf í iðnaði og er áhugasömum bent á að hafa samband við Inga Boga Bogason hjá Samtökunum.*



Félag íslenskra
snyrtifræðinga

Félag íslenskra snyrtifræðinga hélt upp á 30 ára afmæli

Í tilefni þeirra tímamóta gaf félagið út veglegt afmælisblað þar sem stiklað var á stóru í sögu félagsins. Afmælishátíð var haldin á Grand hóteli Reykjavík að kvöldi afmælisdagsins og öllum snyrtifræðingum á landinu boðið - bæði félagsmönnum og þeim snyrtifræðingum sem standa fyrir utan. Þátttaka var fádæma góð og heppnaðist hátíðin í alla staði vel.

Útboðsþing 2009



Árlegt útboðsþing um verklegar framkvæmdir í mannvirkjagerð og byggingariðnaði var haldið á Grand Hótel Reykjavík 13. febrúar. Á þinginu var gefið yfirlit yfir öll helstu útboð opinberra aðila á verklegum framkvæmdum. Mikill áhugi var fyrir þinginu og

fjölmenntu verktakar á fundinn. Frum-mælendur voru þó flestir varkárir í yfirlýsingum og höfðu þann fyrirvara á að fjármögnun tækist og að aðstæður við fjármögnun annarra verkefna eins og stóriðju gengi eftir.

Fram kom að heildarupphæð fyrir-

hugaðra framkvæmda opinberra aðila var, samkvæmt útboðum sem lágu fyrir, rúmlega 50 milljarðar króna árið 2009. Um 60% samdráttur var á framkvæmdum miðað við 2008 þegar upphæðin var 130 milljarðar og aukning um 24% frá fyrra ári.

Atvinnulausir styrktir til heilsuræktar

Samtök heilsuræktarstöðva, SHS og Alþýðusamband Íslands gerðu snemma árs samning þess efnis að styrkja fólk í atvinnuleit til að stunda heilsurækt.

Ágústa Johnson, formaður SHS, og Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, undirrituðu samninginn sem gilti til ársloka.

Stéttarfélag innan ASÍ sem gerðust aðilar að samningi þessum styrktu atvinnulausa félagsmenn að lágmarki um 2.000 krónur á mánuði til að stunda heilsurækt. Heilsuræktarstöðvar innan SHS veittu þessum viðskiptavinum að lágmarki 50% afslátt af mánaðarkortum stöðvanna.

SHS starfa sem starfsgreinahópur innan Samtaka iðnaðarins.





Gæðavottanir SI

Þrjú fyrirtæki bættust í hóp þeirra sem hafa hlotið vottun áfangaskiptrar gæðavottunar SI.

Trésmiðjan Akur hlaut í byrjun árs C-vottun og vinnur nú markvisst að því að ná næsta skrefi, B-vottun. Skömmu síðar stóðust GV gröfur úttekt á fyrsta þrepi og hlaut D-vottun. Fyrirtækið Launafi náði síðan þeim árangri að hljóta bæði D-vottun og C-vottun á árinu. Samhliða úttekt vegna C-vottunar var gerð forúttekt á þrepi B sem vekur væntingar um að ekki líði á löngu þar til fyrirtækið verði komið með B-vottun.

Þá má nefna að ÍAV fékk leyfi fyrir CE-vottun auk þess að ná þeim merka áfanga að verða fyrst íslenskra verktakafyrirtækja í alhliða verktakastarfsemi til að hljóta vottun samkvæmt ISO 9001:2008 staðlinum.

Meistaradeild í byggingariðnaði stofnuð



Hinn 15. apríl undirrituðu formenn í fimm meistarafélögum í byggingariðnaði yfirlýsingu um að stofna Meistaradeild byggingargreina. Um er að ræða klúbb iðnmeistara innan Samtaka iðnaðarins. Tilgangurinn er að skapa öflugan þverfaglegan umræðuvettvang og auka samstarf félagsmanna í byggingargreinum innan Samtakanna.

Um 25 iðnmeistarar og stjórnarmenn

í meistarafélögum í byggingagreinum sóttu stofnfundinn. Ákveðið var að formenn meistarafélaganna skipuðu fyrstu stjórn Meistaradeildarinnar og fær hún það verkefni að móta starfið og setja því skipulagsramma.

Ásgeir Magnússon, verkefnastjóri byggingarsviðs SI, er tengiliður Samtakanna við Meistaradeildina.

Morgunfundir SI, SSP, SUT og SÍL

Morgunfundir SI, SSP, SUT og SÍL hafa reynst góður vettvangur fyrir félagsmenn til að hittast og fara yfir tiltekin mál sem höfða til breiðs hóps félagsmanna úr tæknisamtökunum þremur. Tekin hafa verið fyrir ýmis málefni sem tengjast starfsskilyrðum, útflutningi og rekstri fyrirtækjanna á síðasta starfsári.

Meðal fundarefna, sem tekin voru fyrir á árinu, má nefna kynningar á styrkjum Tæknipróunarsjóðs, Eurostars og SME áætlunum ESB, fjármögnunarleiðir hátækni- og sprota-



fyrirtækja, markaðssetning hátækni- vara – og umræða um sölusamtök svo og undirbúning Hátækni- og sprotaþings.

Stjórnarkjör SI

Stjórnarkjör fór fram að venju í tengslum við Iðning í mars. Kosningaþátttaka var góð eða um 74%. Helgi Magnússon var endurkjörinn formaður SI með 92,4% atkvæða og hóf þar með fjórða kjörtímabil sitt sem formaður. Sigurður Bragi Guðmundsson gekk úr stjórninni en hann hafði setið 6 ár samfleytt og var því ekki lengur kjörgengur. Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar ehf. var kjörinn nýr í stjórn en stjórnin að öðru leyti óbreytt.

Þau sem voru næst því að ná kjöri til stjórnar tóku sæti í ráðgjafaráði. Það eru Andrés Gunnlaugsson, Bolli Árnason, Einar Birgir Kristjánsson, Magnús Hilmar Helgason, Sigurður Eggert Gunnarsson og Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir.



Helgi Magnússon
endurkjörinn



Sigurði Bragi Guðmundsson
sýni þakkað gott starf í þágu SI



Andri Þór Guðmundsson
boðinn velkominn



Eftirsjá að góðum félögum

Múrarameistarafélag Reykjavíkur sagði sig úr SI síðastliðið vor. Það er alltaf eftirsjá að góðum félögum og Samtökin hörmuðu úrsögn þeirra og óska þeim alls hins besta í framtíðinni þó að leiðir skilji. Eftir sem áður standa Samtök iðnaðarins opin hverjum þeim múrarameistara sem óskar eftir því að vera félagsmaður.

Einfalt umhverfisstjórnunarkerfi



Verkefninu EMS-light sem SI stóðu fyrir lauk á árinu. Verkefninu var ætlað að mæta þörf á einföldu umhverfisstjórnunarkerfi, sem hjálpar til við aðgerðir sem skila umhverfisávinningi án þess að því fylgi of mikil skrifinnaska. Verkefnið var unnið fyrir norrænu ráðherranefndina og tekur mið af þörfum lítilla fyrirtækja í litlum samfélögum.

Fjögur fyrirtæki tóku þátt

Fjögur fyrirtæki tóku þátt í verkefninu og fengu afhenta frumútgáfu af kerfinu, Kaffitár, MS-Selfoss, Rannsóknþjónustan Sýni og Umhverfisstofnun. Ráðgjafar aðstoðuðu við söfnun gagna og að skilgreina hvað ætti að fara inn í kerfið. Haldin var málstofa við upphaf verkefnis og aftur í lokin. Ábendingum notenda um það sem betur mætti fara var komið á framfæri og kerfið aðlagð og uppfært.

Ánægja með kerfið

Á lokafundi verkefnisins kom fram ánægja þeirra sem próf að höfðu kerfið. Það hafði reynst vel við að halda utan um upplýsingar og til þess að fá yfirsýn yfir tölur og gögn sem annars eru ekki teknar saman í fyrirtækjum. Mestu máli skiptu ýmsar breytingar sem gerðar voru á verklagi. Þegar sjónum var beint að því hvað í starfsemi hefði áhrif á umhverfið komu strax fram tillögur að bættu verklagi. Frumlegar hugmyndir komu fram um hvernig mætti minnka sorpmagn t.d. með endurnotkun umbúða, bættri meðhöndlun rekstrarafanga og svo minni notkun á ýmsum hráefnum. Dæmi voru um að vatnsnotkun minnkaði. Nokkrir höfðu hugað að dreifingu á vörum og skipulagi þjónustu, gert það skilvirkara og minnkað þannig losun gróðurhúsalofttegunda.

Hægt er að nálgast kerfið hjá Samtökum iðnaðarins.

Áhrif ESB-aðildar á iðnfyrirtæki



Á Iðnþingi 2009 var samþykkt að Samtök iðnaðarins létu meta áhrif aðildar að Evrópusambandinu. Markmið verkefnisins er að meta stöðu ólíkra atvinnugreina og hvaða þættir í starfsumhverfi þeirra muni breytast við aðild að ESB.

Margvíslegir hagsmunir

Íslenskur iðnaður er ákaflega fjölbreyttur og hagsmunir því að sama skapi margvíslegir þótt þeir séu hinir sömu í meginatriðum hvað varðar starfsskilyrði.

Samtökin hafa alla tíð stutt aðild Íslands að sambandinu en greining af því tagi sem nú er unnið að verður mun ýtarlegri en áður hefur verið gerð og hefur margvíslegan tilgang umfram þann að meta áhrif aðildar. Starfsskilyrði iðnaðar hafa breyst mikið vegna efnahagsástandsins og því er verkefnið jafnframt kærkomið tækifæri til að meta vandlega aðstæður fyrirtækjanna um þessar mundir.

Greining á þróun umhverfis starfsskilyrða


Helstu verkþættir verkefnisins eru að greina þróun á umhverfi starfsskilyrða iðnaðar hér á landi undanfarinn áratug. Það leggur grunn að því að meta hvernig iðnaðurinn getur byggst upp á næstu árum, innan sem utan Evrópusambandsins, með eða án evru. Við vinnslu verkefnisins verður lögð mikil áhersla á nán samskipti við félagsmenn. Haustið 2009 voru haldnir margar fundir með rýnihópum þar sem félagsmenn ræddu Evrópumálin í víðu samhengi. Til að greina áhrifin hafa

fjöldmörg fyrirtæki verið heimsótt og gerð eins konar tilviksrannsókn (case study) um áhrif aðildar á einstök fyrirtæki. Þau eru valin þannig að niðurstaða vinnunnar endurspegli eins vel og kostur er hina fjölbreyttu flóru fyrirtækja innan Samtaka iðnaðarins.

Sérstakur stýrihópur hefur veg og

vanda af verkefninu en starfsmenn SI ásamt ráðgjöfum úr háskólasamfélaginu vinna verkið frá degi til dags. Stýrihópurinn er skipaður Tómasi Má Sigurðssyni, Finni Geirssyni, Herði Arnarsyni og Jóni Sigurðssyni sem er formaður hópsins.

Sviptingar í viðhorfi



Ísland sótti um aðild að ESB þann 27. júlí 2009. Það hefur verið skýr vilji félagsmanna SI og raunar mikils meirihluta þjóðarinnar um langt árabíl að rétt væri að stíga það skref. Reikna má með að samningaviðræður um aðildina standi árið 2010 og fram á árið 2011 og að aðildarsamningur verði borinn undir þjóðina 2011 eða 2012. Ekki er hægt að spá um þá framvindu með neinni vissu þar sem viðræður eru ekki formlega hafnar.

SI munu beita sér fyrir því að hagsmunum iðnaðarins verði haldið til

haga í viðræðunum og að aðildarsamningurinn verði hagfelldur þjóðinni og að framtíðarhagsmunir atvinnulífsins verði í fyrirrúmi.

Óhætt er að segja að viðhorf almennings til aðildar hafi svipst til á árinu 2009 líkt og svo margt annað. Það kemur glögg fram á meðfylgjandi mynd. Vonandi verður hægt að færa umræður um samningaferlið og aðild Íslands að ESB í uppbyggilegan farveg yfirvegaðrar umræðu í stað hrópa og kalla. Fyrir því munu SI beita sér.

Komið í veg fyrir mismunun

Fyrir nokkrum misserum bárust fregnir af því að Alþingi hugðist bæta ákvæði við gildandi hafnarlög þar sem heimilt yrði að styrkja viðgerðir á upptökumannvirkjum (slippum) á sama hátt og væru þau hafnarmannvirki þar sem slíkur fjárhagslegur stuðningur er heimill. Til þess að bæta gráu ofan á svart var auk þess gert ráð fyrir að væntanleg lög tækju eingöngu til slippa í eigu hins opinbera og þá því aðeins að þeir hafi upphaflega verið byggðir með ríkisstyrk. Aðrir slippar hefðu engan slíkan rétt um opinbera styrki og ættu samkvæmt því að keppa við þessi niðurgreiddu atvinnutæki.

Þrátt fyrir að Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins bentu Alþingi á að þetta bryti í bága við reglur á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og væri auk þess í andstöðu við gildandi samkeppnislög samþykkt Alþingi þessar breytingar á hafnarlögum. Að auki ákvað þingið að veita 200 milljón króna fjárveitingu til þessa en það var almenn vitneskja að þeim var ætlað til enduruppbyggingar tiltekinnar skipalyftu.

Þegar þessi staða var komin upp töldu SI og SA ekki hjá því komist að vísa málinu til úrskurðar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og því fylgt eftir með ítarlegri greinargerð. Eftir vandaða umfjöllun ESA var gefinn út lokaúrskurður í júlí sl. þar sem tekið var undir öll meginsjónarmið samtakanna. Þar kemur fram að ESA lítur svo á að upptökumannvirki séu tæki á samkeppnisviði og því gilda um þau sömu reglur og samkeppnislög kveða á um. Því mega hvorki ríki né sveitafélög styrkja uppbyggingu eða viðhald slíkra mannvirkja



enda myndi það raska samkeppnisstöðu annarra fyrirtækja í þessari grein.

Í framhaldinu sendu Samtök iðnaðarins og MÁLMUR – samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði erindi til Samkeppniseftirlitsins þar sem óskað er að tryggt verði að uppbygging og rekstur Skipalyftunnar í Vestmannaeyjum verði ekki niðurgreiddur úr hafnarsjóði eða bæjarsjóði eins og stefnt er að.



Um 300 á fundi um stoðumhverfi nýsköpunar

Einn liður í European SME-week, sem haldin var samtímis um alla Evrópu 6.-14. maí, var kynningarfundur þann 12. maí um stoðumhverfi nýsköpunar hér á landi. Um 300 manns sóttu fundinn á Grand Hótel Reykjavíkur þar sem fjöldi aðila kynnti þjónustu sína við frumkvöðla og fyrirtæki. Markmiðið var að veita heildaryfirsýn og skapa umræður á þessu sviði.

Þetta er í fyrsta skipti sem haldin hefur verið svo heildstæð kynning á stuðningsumhverfi nýsköpunar á Íslandi. Hátækni- og sprotavettvangur SI stóð að fundinum ásamt Nýsköpunarmiðstöð Íslands, RANNÍS og Útflutningsráði.

TAXTI til kennslu í verkmenntaskólum

Mörg aðildarfyrirtæki SI hafa notið góðs af TAXTA kostnaðarlíkani við rekstrarlega útreikninga. Á síðasta ári var ákveðið að bjóða verk- og tækniskólum landsins frjáls afnot af TAXTA til kennslu. Skólarnir geta sett TAXTA upp á tölvuver skólanna og þeir nemendur, sem vilja eignast TAXTA, geta keypt

hann gegn vægu gjaldi hjá IÐNÚ bókaútgáfu.

TAXTI er einfalt forrit sem Samtök iðnaðarins létu hanna fyrir um tíu árum. TAXTI er til aðstoðar stjórnendum fyrirtækja, sérstaklega lítilla, til að reikna út vöruverð, útselda vinnu og aðra kostnaðarþætti.





Vel heppnaðir félagsfundir

Á félagsfundi SI í júní var fjallað um iðnaðinn og Evrópusambandið í þeim tilgangi að kynna félagsmönnum Evrópuverkefni SI og virkja þá til þátttöku í því starfi sem framundan var. Erindi fluttu Helgi Magnússon, formaður SI, Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra, Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI og Hörður Arnarsson sem þá hafði nýverið tekið við formennsku í Evrópunefnd Samtakanna. Að erindum loknum mynduðust líflugar umræður og margir sem kvöddu sér hljóðs.

Annar fundur fór fram í nóvember en þar var fjallað um skatta- og efnahagsmál. Rædd voru margvísleg áhrif þeirra skattbreytinga sem voru framundan á stöðu iðnaðarins og framvinduna í efnahagsmálum á næstu misserum.

Til máls tóku Helgi Magnússon, Jón Steindór Valdimarsson og Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI. Að erindum loknum var opnuð mælendaskrá. Menn voru sammála um að umræða af þessu tagi væri þörf og nauðsynlegt fyrir Samtökin, fyrirtæki þeirra og félagsmenn að fylgjast vel með gangi mála og vinna áfram að því að gæta hagsmuna iðnaðarins.

Vörugjöld lögð á matvæli á nýjan leik

Samtök iðnaðarins hafa um áratugaskeið barist fyrir afnámi vörugjalda af matvælum. Stórt skref náðist í þá átt 1. mars 2007 þegar vörugjöld voru afnumin af öllum matvælum, öðrum en sykri og sætindum, samfara því að öll matvæli voru sameinuð í nýju 7% virðisaukaskattþrepi. Það var því í fullkominni óþökk SI að stjórnvöld ákváðu að taka vörugjöldin upp á nýjan leik 1. september sl. og ekki nóg með það heldur voru allar upphæðir tvöfaldaðar. Það er afleitt að stíga skref til baka í átt til aukins flækjustigs í skattlagningu matvæla. Á haustþingi var lagt fram frumvarp sem fól í sér að taka upp sérstakt 14% vsk þrep fyrir sum matvæli. SI og önnur samtök í atvinnulífi lögðust eindregið gegn þeirri ráðstöfun og tókst að koma í veg fyrir að 14% þrepið yrði tekið upp. SI munu halda áfram að berjast gegn vörugjöldum jafnt sem öðrum flækjum í skattkerfinu.



Gagnagrunnur um óselt húsnæði

SI hafa beitt sér fyrir því að koma á fót gagnagrunni sem geti á hverjum tíma gefið aðilum byggingamarkaðarins, fjármögnunaraðilum og kaupendum upplýsingar um magn af óseldu nýju húsnæði. Hvatinn að þessu eru misvísandi fréttir af óseldu húsnæði þar sem vandinn er oftast en ekki ofgerður.

Tölur sem birtar hafa verið undanfarin misseri eru byggðar á sjónrænu mati þar sem keyrt er um nýbyggingahverfi og ónýttar íbúðir taldar. Að sjálfsgöðu eru þetta mjög ónákvæm vísindi. Til viðbótar hafa verið taldar með óbyggðar lóðir og jafnvel lóðir sem aðeins eru til í skipulagi en engar verklegar framkvæmdir eru hafnar við. Þetta er síðan lagt saman og út kemur óselt húsnæði, en það er allur munur á skipulagðri lóð

sem er aðeins punktur á blaði og íbúð sem er fullbúin.

Til þess að fá nákvæmari upplýsingar hafa SI fengið Fasteignaskrá Íslands til að safna saman upplýsingum úr skrár byggingafultrúa þar sem hægt er að fá upplýsingar um fjölda íbúða, stærðir og á hvaða byggingastigi viðkomandi eign er. Síðan er ætlunin að keyra þessar upplýsingar saman við upplýsingar frá Félagi fasteignasala til að fá upplýsingar um hvað er til sölu. Til þess að forðast tvítalningar verða allar eignir sem eru til sölu skráðar með fasteignamatsumeri.

Ef allt gengur eftir mun Fasteignaskrá Íslands fara að birta reglulega upplýsingar um framvindu á nýbyggingamarkaði í byrjun árs 2011.



Stefnumótun IÐUNNAR

Stefnumótun IÐUNNAR fræðsluseturs fór fram í nóvember. Fundinn sóttu fulltrúar úr þeim atvinnugreinum sem aðild eiga að IÐUNNI, starfsmenn, stjórnarmenn, fulltrúar sveinafélaga, félaga atvinnurekenda og fyrirtækja.

Fyrsta stefnumótunarvinna IÐUNNAR var haldin í undanfara stofnunar hennar árið 2006. Á þeim tíma var skipulag nýs félags í forgrunni.

Í þetta sinn beindist umræðan að þjónustu IÐUNNAR. Grunnur var lagður að rúmlega 40 verkefna-áherslum. Skipaðir voru fjórir vinnuhópar sem vinna áfram tillögur um einstök verkefni, byggð á verkefna-áherslunum. Hóparnir skila tillögum að verkefnum til stjórnar IÐUNNAR snemma árs 2010 og í kjölfarið verða unnin verkefni, sem byggjast á þeim tillögum.



Ályktun Iðnpings 2009

FORGANGSMÁL

Lækka vexti

Endurreisa bankakerfið

Afnema gjaldeyrishöft

Semja við erlenda kröfuhafa

Auka útflutningstekjur

Blása lífi í fasteignamarkaðinn

Sækja um aðild að ESB og taka upp evru

Ótrúleg umskipti hafa orðið í efnahagslífinu á undanförunum misserum. Atvinnulífið er að sligast undan ofurvöxtum, verðbólgu, gengisbreytingum, gjaldeyrishöftum og höktandi bankakerfi. Sama gildir um fjölmörg heimili og atvinnuleysi hefur ekki verið meira um langt árabíl.

Sundurlyndi og stefnuleysi stjórnmalamanna og stjórnvalda sem bera ábyrgð á verkstjórn og úrlausn ýmissa lykilþátta sem greiða verður úr er grafalvarlegt. Mikilvægur tími hefur farið til spillis að óþörfu og mál til komið að stjórnmalamenn, þing og ríkisstjórn snúi bökum saman í stað þess að eiga í hefðbundnu innihaldslausu karpi sem engu skilar.

Án frekari tafa verður að lækka vexti. Það er algjört forgangsmál. Þá verður að ná samkomulagi við erlenda eigendur krafna til þess að unnt verði að losa um gjaldeyrishöft. Brýnt er að tryggja að íslensk fyrirtæki eigi aðgang að bönkum sem geta veitt eðlilega bankaþjónustu, ekki síst aðgang að erlendu lánsfé og bankatryggingum vegna viðskipta. Það verður ekki gert nema með því að semja við erlenda kröfuhafa bankanna, eins eða fleiri, um eignarhald.

Ungt fólk þarf þak yfir höfuðið. Aðstæður á fasteignamarkaði gera það nánast ómögulegt. Hækka verður hámarkslán Íbúðalánasjóðs og breyta lánareglum þannig að unnt sé að byggja og selja minni íbúðir. Það er mikilvægur liður í því að hjól byggingariðnaðarins taki að snúast að nýju.

Margt bendir til að íslenskt efnahagskerfi geti ekki staðið eitt og sér og stuðst við eigin gjaldmiðil ef Íslendingar ætla sér að vera í framvarðasveit þjóða í hagsæld og lífsgæðum. Til þess að svo megi verða þarf í senn að leysa þann bráðavanda sem að steðjar og marka stefnu til framtíðar. Mikilvægur og ómissandi þáttur er grundvallarbreyting í peningamálum og stjórn efnahagsmála. Þar er eina raunhæfa leiðin að ganga í ESB og taka upp evru. Stjórnvöld verða að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessum efnum.

Þrátt fyrir áföll og erfiðleika sem herja á okkur um þessar mundir má ekki gleyma að tækifærin blasa við okkur hvert sem litið er. Við eigum auðlindir, mannauð og hugmyndir sem við þurfum að flétta saman af hugviti og fyrirhyggju til að auka útflutningstekjur ásamt því að skapa viðvarandi stöðugleika. Takist okkur það mun okkur vel farnast.

Iðnþing 2009

Vöxtur og verðmæti

- Mótum eigin framtíð



Iðnþing Samtaka iðnaðarins snerist um vöxt og verðmæti. Farið var ofan í kjölinn á efnahagsvandannum. Erindi fluttu Helgi Magnússon, formaður SI, Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra, Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris, Kristín Ingólfssdóttir, rektor HÍ, Ólafur Ísleifsson, lektor í HR, og Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi. Í máli allra kom fram mikilvægi þess að takast á við verkefnið og líta björtum augum fram á veginn. Á milli erinda og í lok þingsins var efnt til pallborðsumræðna með virtum álitsgjöfum en þeir voru Ólafur Kr. Ármannsson, viðskiptaritstjóri hjá Fréttablaðinu, Gylfi Zoega, hagfræðingur, Arna Schram, blaðamaður, og Jón G. Hauksson, ritstjóri Frjálsrar verslunar. Svanhildur Hólm Valsdóttir og Sölvi Tryggvason stýrðu fundi og umræðum.



Rit Iðnþings 2009

Ritið *Vöxtur og verðmæti* var lagt fram á Iðnþingi. Ólafur Ísleifsson, lektor við HR, ritstýrði ritinu. Þar er að finna fjölmargar greinar sem lúta að tækifærum á vexti og verðmæta-sköpun hér á landi auk þess sem fjallað er um efnahagsmálin. Ritið er að finna á www.si.is.



Beint frá býli

Félag heimavinnsluaðila hlaut Fjöregg MNÍ 2009



„FJÖREGG MNÍ“ var veitt á Matvæla-degi 2009, 15. október fyrir lofsvert framtak á matvæla- og næringarsviði. Beint frá býli - Félag heimavinnsluaðila hlaut Fjöreggið að þessu sinni fyrir áráði til að auka verðmæti afurða sinna. Hlédís Sveinsdóttir, formaður Beint frá býli, veitti verðlaunum viðtöku úr hendi Ragnheiðar Héðinsdóttur, forstöðumanns matvælasviðs Samtaka iðnaðarins.

„Fjöreggið“ er íslenskt glerlistaverk, hannað og framleitt hjá Gleri í Bergvík. Samtök iðnaðarins gáfu verðlaunagripinn.



Námsefnisstyrkur SI afhentur

Samtök iðnaðarins úthlutuðu á árinu styrkjum til námsefnisgerðar fyrir iðngreinar og aðrar greinar er varða iðnað. Alls námu styrkirnir 6,5 milljónum króna.

Frá ársbyrjun 2006 hafa SI styrkt ein 26 útgáfuverkefni á sviði kennslugagna fyrir greinarnar. Til þessa hafa Samtökin varið rúmlega 26 milljónum króna, eða að jafnaði einni milljón króna á verkefni. Samtökin styrkja í mesta lagi helming hvers verks.

Námsefnisstyrk SI 2009 hlutu:

IDAN fræðslusetur fyrir kennsluefni til að þjálfra tilsjónarmenn í vinnustaðanámi.

IDNÚ bókaútgáfa fyrir úttekt á stöðu námsefnis og námsefnisgerðar fyrir iðn- og starfsgreinar á Íslandi, útgáfu náms-efnis fyrir snyrtifræði og útgáfu náms-efnis fyrir rafiðngreinar.

Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda fyrir kennslubók í húsgagna-smíði.

Menntaskólinn í Kópavogi fyrir verkefni um að koma prentuðu kennsluefni í matvælagreinum í vefrænt form.

Horticum Menntafélag fyrir kennslubók í skrúðgarðabyggingafræði.

Sérstök nefnd á vegum Samtakanna gerir tillögur að styrkjum til stjórnar SI.

Matvælafrumvarpið samþykkt frá Alþingi

Í árslok var matvælafrumvarpið svokallaða samþykkt sem lög frá Alþingi. Þar með verður matvælaölggjöf ESB innleidd í áföngum og munu breytingar á lögum um matvæli, fóður og sjávarafurðir taka gildi 1. mars 2010. Sömu reglur munu gilda um matvæli og fóður. Með breytingunum er gerð aukin krafa um góða framleiðsluhætti, ábyrgð matvælafrirtækja á eigin framleiðslu, öflugt innra eftirlit og rekjanleika. Samhliða taka breytingar á fyrirkomulagi matvælaeftirlits gildi

og á tíðni eftirlits að byggjast á áhættumati. Samkvæmt nýju lögunum tekur Matvælastofnun (MAST) yfir eftirlit með eggjavinnslum, mjólkurstöðvum og kjötvinnslum sem áður var í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga en heimilt er að framselja eftirlit frá einum opinberum aðila til annars. Bæði Matvælastofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga geta samið við skoðunarstofur um að sinna opinberu eftirliti ef þau kjósa en fyrirtækin sjálf geta ekki gert slíka samninga.

Hátækni- og sprotapínging 2009



Á Hátækni- og sprotapínging 2009, sem haldið var í húsakynnum CCP, 6. nóvember, var varpað ljósi á framtíð hátækni- og sprotafyrirtækja á Íslandi og ræddar áherslur í starfsskilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til að sú framtíð geti orðið að veruleika.

Efni þingsins byggðist á stefnumótunarstarfi sem SI hafa staðið fyrir á undanförunum árum ásamt forsvarsmönnum fyrirtækja í hátæknigreinum og aðilum úr stoðkerfinu. Stór hópur fólks tók þátt í undirbúningi þingsins, jafnt frá fyrirtækjum, stoðkerfi og þingflokki. Í aðdraganda þingsins var alþingismönnum boðið að heimsækja fyrirtækin til að kynna betur starfi þeirra. Tillögur um umbætur í starfsumhverfi fyrirtækja-

anna voru mótaðar í ellefu undirbúningshópum og ræddar í nefndum þingsins. Erindi héldu Hilmar V. Pétursson, forstjóri CCP, Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðgjafi, Jón Ágúst Þorsteinsson, formaður SSP, Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI og Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðgjafi. Að erindum loknum kynntu fulltrúar sex hátæknigreina framtíðarsýn og áherslur í sinni grein.

Ellefu þingnefndir

Meginkjarni þingsins voru þingnefndirnar ellefu. Í þeim voru lagðar fram og ræddar tillögur til að bæta starfsskilyrði hátækni- og srotafyrirtækja sem eiga erindi við stjórnvöld og þingmenn Alþingis. Þátttakendur völdu sér þingnefnd eftir áhuga og starfssviði en þó var leitast við að skapa jafnvægi milli fulltrúa fyrirtækja, stuðningsaðila og þingmanna í hverri nefnd.





NETS – Nordic Environmental Technology Solutions

Útflutningsráð og Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fundi í maí um verkefnið NETS (Nordic Environmental Technology Solutions). Því er ætlað að miða að því að gera umhverfistæknifyrirtæki sýnilegri umheiminum.

Ragnar Eriksen, verkefnastjóri Norðmanna í verkefninu, kynnti verkefnið, en hann hefur 15 ára reynslu í umhverfistæknigeiranum og þá aðallega í tengslum við markaðssetningu og útflutning.

NETS verkefnið er styrkt af Nordic Innovation Center (NICe), og hófst fyrir nær þremur árum þegar Finnar, Svíar, Danir og Norðmenn hófu samstarf. Í fyrra var Íslendingum boðin þátttaka og af því tilefni var verkefnið kynnt fyrir íslenskum fyrirtækjum sem með einum eða öðrum hætti koma að umhverfistækni.

Meginmarkmið verkefnisins eru að:

- Stuðla að samstarfi á milli norrænna umhverfistækni-fyrirtækja undir heitinu Nordic Cleantech.
- Nota Nordic Cleantech vörumerkið til kynningar út á við.
- Koma Nordic Cleantech lausnum inn á markaði í Bandaríkjunum, Asíu og Póllandi.

Ráðstefna um framtíð málm- og véltækniðnaðar

Mikill hugur og bjartsýni einkenndi fjölmenna ráðstefnu um framtíð málm- og véltækniðnaðar hér á landi sem haldin var á Grand Hóтели Reykjavík í janúar. Samtök iðnaðarins, Málmur og Félag vél- og málm-tæknimanna stóðu fyrir fundinum.

Níu erindi voru flutt um stöðuna og þau viðfangsefni sem unnið er að í greinunum. Þar kom margt fróðlegt fram um sóknarmöguleika innanlands og á alþjóðamörkuðum auk þess sem gerð var grein fyrir þeirri markvissu stefnu sem unnið er að í því sambandi. Að þeirri vinnu koma bæði fyrirtækin, starfsmenn og samtök beggja aðila.

Járnsmiðja Óðins, Vélsmiðja Hjalta, Málmsteypa Þorgríms, Frostmark, GT Tækni, Skaginn og Stálsmiðjan kynntu einnig starfsemi sína í máli og myndum. Í erindunum kom fram að fjöl-



breytni í hönnun og framleiðslu er mikil auk þess sem víðtæk nýting er á nýjstu tækni.

Niðurstaða ráðstefnunnar var sú að framtíð málmíðnaðar sé björt, að því tilskildu að fyrirtækin nýta áfram þau tækifæri sem nýtt rekstrarumhverfi býður upp á.



Sparisjóðirnir vinsælastir samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni

Íslenska ánægjuvogin var afhent í 10. sinn í mars. Samkvæmt niðurstöðum voru viðskiptavinir Sparisjóðanna ánægðastir. Samtök iðnaðarins standa að Íslensku ánægjuvoginni ásamt Stjórnvísi og Capacent Gallup og taka þátt í Evrópsku ánægjuvoginni. Markmiðið er að veita fyrirtækjum upplýsingar um samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina og öðrum þáttum eins og ímynd, gæðum og tryggð viðskiptavinnanna.

Farmers Market og Íslensk hollusta hlutu viðurkenningu úr Verðlaunasjóði iðnaðarins

Tvær viðurkenningar úr Verðlaunasjóði iðnaðarins voru veittar í september. Það voru Eyjólfur Friðgeirsson, líffræðingur í *Íslenskri hollustu* og Bergþóra Guðnadóttir, hönnuður í *Farmers Market* sem hlutu viðurkenningar. Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra afhenti þeim eina milljón króna, verðlaunagrip og viðurkenningarskjál.

Verðlaunagripurinn heitir Hjólið og er táknið mannsins fyrir uppgötvun, framfarir og virkni.

Verðlaunasjóður iðnaðarins

Verðlaunasjóður iðnaðarins var stofnaður af Kristjáni Friðrikssyni í Últímu, eiginkonu hans frú Oddnýju Ólafsdóttur og fjölskyldu árið 1976.

Tilgangur hans er að örva til dádá á sviði iðnaðarmála og vekja athygli á afrekum einstaklinga og fyrirtækja sem vinna að iðnaði, hönnun og framleiðslu. Sjóðurinn er helgaður minningu þeirra fjölmörgu hugvits- og hagleiksmanna sem fyrr og síðar hafa lifað og starfað á Íslandi og notið mismikillar umbunar fyrir verk sín.

Verðlaunasjóður iðnaðarins hefur verið starfræktur í anda stofnenda hans í samstarfi við Samtök iðnaðarins og hefur með vissu millibili veitt viðurkenningar oftast fyrir frumkvöðulsstarf á sviði iðnaðar.



Samtök leikjaframleiðenda - IGI stofnuð

Hinn 25. september stofnuðu tíu fyrirtæki Samtök leikjaframleiðenda, IGI - Icelandic Gaming Industry. Samtökin starfa sem starfsgreinahópur innan SI.

Á stofnfundinum var kjörin fimm manna stjórn og tveir varamenn. Formaður var kosinn Erla Bjarney Árnadóttir, Gogogic. Aðrir voru kosnir Eyjólfur Guðmundsson, CCP, Finnur Magnússon, Sauma, Ólafur Andri Ragnarsson, Betware og Örn Haraldsson, Mindgames. Varamenn voru kosnir Arnar Hrafn Gylfason, CCP og Jónas Björgvin Antonsson, Gogogic.

IGI er ætlað að vera öflugur vettvangur sem veitir tölvuleikjaframleiðendum stuðning og margvíslega þjónustu. Hlutverk samtakanna er að stuðla að auknu samstarfi hagsmunaaðila og gegna forystu í því öfluga og



skapandi samstarfi fyrirtækja, menntastofnana og stjórnvalda um þekkingaruppbyggingu og tækni sem einkenna greinina.

Vinnustaðakennslustyrkir SI

Samtök iðnaðarins veita árlega 20 milljónum króna til vinnustaðakennslu í fyrirtækjum, sérstaklega í þeim greinum sem erfitt er að fá nema eða taka við nemum í vinnustaðakennslu. Tilgangur styrksins er að lyfta undir kennslu og þjálfun á vinnustað og draga athygli að mikilvægi hennar. Tvisvar sinnum var veitt úr vinnustaðakennslusjóði árið 2009.

Í mars hlaut Véla- og skipaþjónustan Framtak tæplega fimm milljóna króna styrk til að kenna 13 nemum í renni-

smíði. Bjarni Thoroddsen, framkvæmdastjóri Framtaks, tók við styrknum úr hendi Jóns Steindórs Valdimarssonar, framkvæmdastjóra SI. Í september var svo aftur veitt úr sjóðnum og hlaut þá Sláturfélag Suðurlands tæplega milljóna króna styrk til þess að kenna nemum kjötið á vinnustað. Auk SS hlutu styrk Össur, Norðlenska og Íslenskir aðalverk-takar.



Umbætur í virðiskeðju matvæla

Í september var haldinn opinn fundur til að kynna niðurstöður verkefnisins „Umbætur í virðiskeðju matvæla“ sem hafði staðið yfir í tvö ár. Fundinn sóttu á sjötta tug starfsmanna úr framleiðslu og dreifingu matvæla. Að verkefninu stóðu Samtök iðnaðarins, Norðlenska, Sláturfélag Suðurlands, Kaupás, AGR, Matís og Rannsóknarsetur verslunarinnar með stuðningi frá Tækniþróunarsjóði. Markmið verkefnisins var að greina hvar í virðiskeðju matvæla rýrnun á sér stað og skilgreina aðgerðir til að lágmarka sóun sem af rýrnuninni hlýst. Jafnframt var skoðað hvaða aðferðum er beitt í nágrannalöndunum til að draga úr óþarfa sóun.

Helstu niðurstöður verkefnisins eru að með því að lækka geymsluhitastig kjötvara má lengja geymsluþol um 30% og




með því að geyma kjötið niður undir frostmarki þess, við $-1,5^{\circ}\text{C}$, má lengja geymsluþolið um allt að 60%. Þá er hægt að nota sjálfvirkar, rafrænar aðferðir til að fylgjast með birgðahaldi í verslun og hjá framleiðendum og til að spá fyrir um innkaup og framleiðslu. Með því að nota rafrænar aðferðir við innkaup má lækka meðalbirgðakostnað

um 27% og jafnframt fækka birgðaprotum um 7%. Aðstandendur verkefnisins telja að niðurstöðurnar sýni, svo ekki verður um villst, að vönduð og öguð vinnubrögð í allri virðiskeðjunni og gott upplýsingaflæði milli birgja og smásala fela í sér geysimikla möguleika til hagræðingar, ekki síst á sviði vörustjórnunar.

Starfræksla Hátekni- og sprotavettvangs

Hátækni- og sprotavettvangur sem hóf starfsemi í lok árs 2008 hefur farið vel af stað. Vettvangurinn miðar að því að efla uppbyggingu sprotafyrirtækja á Íslandi. Iðnaðar-, mennta-, fjármála- og utanríkisráðuneyti standa að samningnum ásamt fjórum félagasamtökum; Samtökum sprotafyrirtækja, líftækniyrirtækja, upplýsingatækniyrirtækja og SI.



Aðstandendur gerðu með sér þriggja ára samning og að þeim tíma liðnum verður árangur af starfseminni metinn og ákvörðun tekin um framhald. Samtök iðnaðarins og iðnaðarráðuneytið leggja hvort til þrjár og hálf milljón á ári til vettvangsins.

Verkefnisstjórnin hefur haldið níu fundi á árinu og komið að ýmsum þeim málum sem varða starfsskilyrði hátækni- og sprotafyrirtækja.

Meðal helstu markmiða sem vettvangurinn vinnur að má nefna:

- að útflutningsvirði hátækni- og sprotafyrirtækja á Íslandi aukist um 25% að jafnaði á ári
- að árlega séu stofnuð á annan tug nýrra íslenskra sprotafyrirtækja
- að nokkur hundruð ný störf í hátækni- og sprotafyrirtækjum verði til árlega
- að frá og með árinu 2012 bætist árlega að jafnaði tvö hátækniyrirtæki í þann hóp sem hefur náð milljarði í ársveltu eða verið skráður á hlutabréfamarkað

Helstu verkefni sem unnið hefur verið að á sl. ári eru:

- Uppbyggingaferli hátækni- og sprotafyrirtækja
- Skattalegir hvatar til fjárfestinga í hátækni- og sprotafyrirtækjum
- Endurgreiðsla rannsókna- og þróunarkostnaðar
- Efling Tækniþróunarsjóðs – verkefnastyrkir, frumherja- og brúarstyrkir

- Uppbygging orðspors á útflutningsmörkuðum
- Tengsl fyrirtækja, háskóla og rannsóknastofnana og VTR

Fundir og ráðstefnur

Til að fylgja eftir verkefnum vettvangsins voru haldnir fjölmargir fundir og stefnumót á árinu m.a. í samstarfi við SI og fleiri aðila.

- Kynningarfundur um Nýsköpun-

- arumhverfi fyrirtækja á Íslandi
- Stefnumótun og stofnun Samtaka leikjafyrirtækja IGI
- Stefnumót fyrirtækja á heilbrigðissviði m.a. um PPP samstarf
- Stefnumót og framtíðarsýn fyrirtækja, stjórnvalda og stöðaðila á sviði orku- og umhverfistækni
- Hátækni- og sprotabing 2009

Dagur ungra fræðimanna í Evrópumálum



Síðastliðin ár hafa Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Samtök iðnaðarins staðið fyrir viðburði sem nefndur er Dagur ungra fræðimanna. Tilgangur þessa er að skapa vettvang fyrir unga fræðimenn til að kynna rannsóknir sínar á sviði Evrópufræða. Meistara- eða doktorsnemar, nýbrautskráðir eða þeir, sem eru um það bil að brautskrást, kynna rannsóknir sínar í stuttum fyrirlesturum og svara fyrirspurnum í lok ráðstefnunnar.

Á síðasta ári voru þátttakendur frá þremur háskólum á sviði Evrópufræða, alþjóðasamskipta, lögfræði og stjórnsýslufræða. Umfjöllunarefnið innan þessa ramma voru margvísleg en sem dæmi má nefna öryggismál, rétt til að öðlast aðgang að gögnum í vörslu ESB, innflytjenda- og hælisstefna ESB, Evrópuvæðing íslenskra sveitarfélaga og úttekt á stefnu og stofnunum upplýsinga- og þekkingarsamfélagsins innan ESB.

Mentor hlaut Vaxtarsprotann



Fyrirtækið Mentor ehf. hlaut Vaxtarsprotann 2009 sem er viðurkenning fyrir öfluga uppbyggingu sprotafyrirtækis. Þetta er annað árið í röð sem fyrirtækið vex hraðast íslenskra sprotafyrirtækja. Fyrirtækin Naust Marine, Gogogic og Saga Medica fengu einnig viðurkenningu fyrir góðan vöxt.

Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra veitti Vilborgu Einarsdóttur stjórnarformanni og stofnanda Mentor Vaxtarsprotann við hátíðlega athöfn í Grasagarðinum Laugardal. Viðstaddir voru fulltrúar sprotafyrirtækja og stuðningsaðila úr atvinnulífinu.

Við sama tilefni var fyrirtækið Nimblegen Systems – útibú á Íslandi brautskráð sem sprotafyrirtæki og tekið inn í úrvaldeild íslenskra hátæknifyrirtækja.

Össuri Skarphéðinssyni, iðnaðarráðherra var einnig afhent viðurkenning fyrir að hafa stutt ötullega við bakið á sprotafyrirtækjum meðal annars með aðkomu sinni að eflingu Tækniþróunarsjóðs og Frumtaks.

Mikilvægi Tækniþróunarsjóðs

Mikilvægi Tækniþróunarsjóðs við uppbyggingu hátækni-iðnaðar á Íslandi hefur aldrei verið meira en einmitt nú eftir hrun fjármálakerfisins. Brýna nauðsyn ber til að efla verðmætasköpun og skapa ný störf eins hratt og hægt er. Þar getur Tækniþróunarsjóður gegnt lykilhlutverki.

Aukið hlutverk

Ljóst er að stjórnvöld hafa ætlað Tækniþróunarsjóði aukið hlutverk á undanförunum árum og nýjum greinum, t.d. í skapandi iðnaði, hönnun og ferðapjónustu hefur verið beint í hann. Þá hefur sjóðnum verið ætlað aukið hlutverk í stuðningi við uppbyggingarstarf fyrirtækjanna m.a. í formi nýrra styrktegunda. Þar á meðal eru verkefni á borð við frumherjastyrki, brúarstyrki og öndvegisstyrki sem styrkja annarskonar verkefni en hinir hefðbundnu verkefnastyrkir. Þetta er allt af hinu góða og svarar kalli tímans og þörfum í atvinnulífinu. Vandinn er hins vegar sá að þessum auknu hlutverkum og áherslum hefur ekki fylgt fjármagn í neinu samræmi við fjölgun umsókna.

Fjölgun rannsókna

Til að bregðast við þessum aðstæðum hefur stjórn sjóðsins reynt að skerpa línur og kröfur um upplýsingar í umsóknargögnum. Það hefur skilað sér í stóru auknum gæðum umsókna og betri samfellu milli verkefna Tækniþróunarsjóðs og þeirra verkefna sem fagfjárfestar taka mið af í fjárfestingum sínum.

Hins vegar hefur aukinn þungi umsókna minnkað árangurs-hlutfall umsækjenda og þeim umsóknum sem sjóðurinn verður að hafna hefur fjölgað til muna. Þarna fara til spillis stórfelld tækifæri sem nýta mætti til að skapa verðmæt störf í stað þess að greiða fólk atvinnuleysisbætur sem engum verðmætum skila. Takmörkuð framlög til Tækniþróunarsjóðs í fjárlagafrumvarpi 2010 valda því enn miklum vonbrigðum.

Tillögur til eflingar Tækniþróunarsjóðs

Stjórnir Samtaka sprotafyrirtækja, Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja og Hátækni- og sprotavettvangs hafa látið sig eflingu Tækniþróunarsjóðs mjög varða og komu því m.a. til leiðar að teknar voru upp nýjar tegundir styrkja á árinu, svokallaðir Brúarstyrkir. Þeir eru ætlaðir til að efla uppbyggingu innviða fyrirtækjanna auk stuðnings við markaðssókn á erlenda markaði. Mikil ánægja var meðal hátækni- og sprotafyrirtækja með þessa nýju styrki, ekki síst þeirra sem markaðssetja tæknilausnir erlendis.

Ákvörðun stjórnar Tækniþróunarsjóðs um að takmarka aðgang umsókna um Brúarstyrki við fyrirtæki, sem hafa undir 100 milljón króna veltu, er þó óviðunandi ef þeir eiga að koma að gagni. Sömu aðilar hafa lagt fram tillögu um þreföldun Tækniþróunarsjóðs árið 2010 í 2-2,5 milljarða og að fjölga þurfi fulltrúum hátækni- og sprotafyrirtækja í stjórn sjóðsins til að tryggja betur stuðning og samfellu í uppbyggingarstarfi fyrirtækjanna.

Vaxandi þjóðfélag þarf öflugan byggingariðnað

Samtök iðnaðarins hafa ítrekað bent á nauðsyn þess að litið sé á byggingariðnaðinn sem eina af undirstöðuatvinnugreinum samfélagsins. SI hafa vakið athygli á að greinin þarf, eins og annar atvinnurekstur, að búa við góð rekstrarskilyrði og stöðugleika. Efnahagskreppan, sem við nú glímum við, er þessari starfsemi sérstaklega erfið vegna mikillar þenslu á undanförunum árum. Á síðustu mánuðum hafa SI því þrýst á um auknar framkvæmdir án verulegra undirtekta.

Alvarleg staða

Um 17 þúsund manns hafa starfað í byggingariðnaði hér á landi undanfarin ár eða nær tvöfalt fleiri en samanlagður mannaflí í sjávarútvegi og landbúnaði. Samdrátturinn snertir því ekki einungis byggingariðnaðinn heldur einnig allar stoðgreinar hans. Gera má ráð fyrir að um 50 þúsund manns hafi byggt afkomu sína á þessum störfum síðustu ár.

Vinna við að ljúka þeim verkefnum sem unnið var að árið 2008 tryggði talsverðar framkvæmdir á síðasta ári. Allt árið dró þó jafnt og þétt úr framkvæmdum og fá ný verkefni hafin. Enn hefur verið dregið úr verkefnum og viðhaldi hjá flestum opinberum fyrirtækjum og stofnunum og horfur eru því dökkar og staðan vægast sagt alvarleg.

Ábyrgð stjórnvalda


Á þessu ári hafa mörg fyrirtæki í byggingagreinum orðið gjaldþrota. Stærstu og öflugustu fyrirtækin hafa sagt hundruðum starfsmanna upp störfum og atvinnuleysi í greininni er almennt. Engum einum verður kennt um núverandi stöðu en ábyrgð stjórnvalda er þó mikil og þau verða því að stuðla að lausn vandans. Nú þarf hvort tveggja í senn, áræði til framkvæmda og styrka efnahagsstjórn. Um leið þarf að horfa til reynslu annarra þjóða sem hafa glímt við sams konar vanda en samdóma álit þeirra allra er að lágmarka beri atvinnuleysi og koma í veg fyrir stöðvun atvinnurekstrar. Vinna þarf skipulega að því að draga úr sveiflum í þessum iðnaði.

Tækifæri í stöðunni

Það dylst engum að hagkvæmara yrði fyrir þjóðfélagið í heild ef opinberir aðilar beindu þunga framkvæmda sinna á tímabil minni eftirspurnar á almenna markaðnum. Það eru tækifæri í stöðunni. Vilji er allt sem þarf.

Samtök iðnaðarins hafa m.a. bent á eftirfarandi: Ýmis stórverkefni í mannvirkjagerð bíða pólitískrar ákvarðanatöku sem ekki þolir lengri bið. Í viðhaldi margra opinberra bygginga er verk að vinna. Nú er hagkvæmt að framkvæma. Verkefnastaða byggingafyrirtækjanna skapar öfluga samkeppni um þau verk sem boðin verða út. Hægt er að skapa tugi, jafnvel hundruð starfa í byggingariðnaði með því einu að opinberir aðilar ákveði að kaupa innlandan búnað og innréttingar í þær byggingar sem nú er unnið að. Til margra verkefna í byggingariðnaði þarf að mestu leyti innlent fjármagn og það er fyrir hendi.

Staða byggingariðnaðar er oft besti mælikvarðinn á stöðu samfélagsins og nú þarf að styrkja hana.



Veik króna styður við endurreisn

Veik króna, sem nýtur verndar hárra vaxta og gjaldeyrishafta, var í sögulegu lágmarki allt síðastliðið ár. Að jafnaði kostaði ein evra tæpar 180 krónur og dollarinn 123 krónur.


Þessar tölur segja þó ekki alla söguna þar sem genginu er haldið uppi í skjóli gjaldeyrishafta sem takmarka mjög tækifæri til að stunda frjáls viðskipti með erlendan gjaldeyri. Þannig kostaði hver evra á svokölluðum aflandsmarkaði allt að 300 krónur en gjaldeyrishöftin og viðurlög við brotum á þeim virðast nánast hafa eyðilagt þann markað.

Gengisþróun gjaldmiðla

Sú staða að beita þurfi gjaldeyrishöftin til að forða krónunni frá frekara falli segir sína sögu um tiltrúna á gjaldmiðlum. Gengisþróun gjaldmiðla mótast venjulega af efnahagslegum veruleika þeirra sem nota myntina. Veik króna er þannig til marks um erfiða stöðu efnahagslífsins og miklar erlendar skuldir. Raunar er erlend skuldastaða þjóðarbúsins afleiðing af stefnu undanfarinna ára þar sem vöxtum var haldið mjög háum og vaxtamunurinn hvatti til erlendar skuldsetningar. Þessi þróun viðgekkst í allmörg ár í skjóli bankanna og góðs lánshæfismats sem augljóslega var byggt á röngum forsendum. Samkeppnishæfni byggist á grunni verðmætasköpunar en ekki lágra launa.

Samkeppnishæf á mælikvarða launa

Ein af jákvæðum afleiðingum hrunsins er að meira fæst í krónum talið fyrir útflutningsafurðir okkar og samdráttur í útflutningi mældur í krónum er mun minni á Íslandi en í mörgum nágrannalöndum okkar. Raungengi krónunnar, bæði á mælikvarða launa og verðlags, er í sögulegu lágmarki. Þetta þýðir að laun á Íslandi eru lág í samanburði við það sem gengur og gerist meðal samkeppnisþjóða okkar. Þótt við séum samkeppnishæf á mælikvarða launa hlýtur það að vera markmið okkar að sam-



keppnishæfni okkar markist ekki af lágum launum heldur færni og verðmætasköpun.

Uppbygging atvinnulífs

Efling atvinnulífsins og frekari uppbygging iðnaðar og hvers kyns framleiðslu getur snúið þeirri þróun við og tryggt okkur meiri kaupmátt og samkeppnishæfni sem byggist ekki fyrst og

fremst á lágum launum. Sú spurning, sem við stöndum frammi fyrir og hefur enn ekki verið svarað, er hvernig fyrirkomulag gengismála verður á næstu árum. Sú óvissa getur haft áhrif á uppbyggingu atvinnulífsins enda ljóst að sum fyrirtæki eru ekki reiðubúin að festa ráð sitt á Íslandi við þær aðstæður.

Öld tvinnbíla er hafin

Í ágúst stöðu SI fyrir fundi um nýjungar í farartækjum.

Fyrirlesari var Paul Wuebben, yfirmaður nýrra orku-gjafa hjá South Coast Air Quality Management District í Kaliforníu. Á fundinum fjallaði Paul einkum um möguleika tvinnbíla og rafbíla til að taka við af hefðbundnum dísilbífreidum. Hann ræddi um kosti þeirra og galla og stöðu tækniþróunar um þessar mundir. Fram kom að tækifærin eru mikil en þróun nýrrar tækni tekur tíma. Hann telur ólíklegt að markaðshlutdeild nýrrar tækni verði



meiri en 1,5% árið 2020 og að enn sé nokkuð í að ná þeim eiginleikum sem sóst er eftir t.d. í rafbílum. Mikill árangur hafi þó náðst á síðustu árum varðandi orkúrymd rafhlaðna en hún hefur margfaldast. Almenn séð er mikil gerjun í þessum geira. Fram koma nýjar tæknilausnir, s.s. lífildsneyti, rafmagn, náttúrulegt gas og vetni sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.



Stendur þú skil á þínu?

Í sumar hleyptu SI af stokkunum nýju auglýsingaátaki með slagorðinu *Stendur þú skil á þínu?* Átakið mæltist vel fyrir og vakti almennt jákvæða athygli en tilgangurinn er að sporna gegn ólöglegri atvinnustarfsemi og vekja fólk til umhugsunar um að skattsvik af slíku tagi kosta samfélagið tugi milljarða króna árlega. Þá fjárhæð þarf að sækja með niðurskurði eða hærri sköttum til þeirra sem standa skil á sínu. SI beina því sérstaklega til félagsmanna sinna að fara að lögum og reglum í rekstri sínum. Þá er einnig hægt að ætlast til þess að aðrir geri slíkt hið sama.

Ný lög um nýsköpunarstarf fyrirtækja fagnaðarefni

Þingmenn allra flokka á Alþingi samþykktu í desember frumvörp um endurgreiðslu rannsókna- og þróunarkostnaðar og skattalega hvata fyrir fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum. Setning laganna er mikið fagnaðarefni en efni þeirra hefur verið eitt helsta baráttumál SI fyrir hönd hátækni- og sprotafyrirtækja um árabíl.

Þetta er eitt markverðasta framlag, sem fram hefur komið í seinni tíð, um bætt starfsskilyrði til nýsköpunar í fyrirtækjum. Markmið laganna er að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja og efla rannsóknir og þróunarstarf, annars vegar með því að veita nýsköpunarfyrirtækjum rétt til sérstaks viðbótar skattafrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni og hins vegar til að hvetja til þess að almenningur og lögaðilar fjárfesti í þeim að tilteknum skilyrðum fullnægðum.

Samtök iðnaðarins og samtök tæknifyrirtækja innan SI, þ.e. SSP, SUT, SÍL og IGI lögðu til nokkrar breytingar á frumvörpunum tveim áður en þau urðu að lögum. Þar á meðal að neðri viðmiðunarmörk um stærð verkefna yrðu lækkuð úr 20 milljónum króna í upphaflega frumvarpinu í fimm milljónir króna. Alþingi samþykkti þessa breytingu í



tengslum við afgreiðslu frumvarpanna.

Hins vegar náðist hvorki samstaða um að endurgreiðslu-hlutfallið yrði hækkað úr 15% í 20% né aukinn skattafrádrátt fyrir almenning og sjóði vegna kaupa á hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum eins og SI lögðu til í umsögn sinni um frumvarpið. Þær umbætur verða því að bíða betri tíma. Engu að síður hefur náðst mikilvægur áfangi sem getur bæði skilað ríkissjóði og fyrirtækjum miklu ef vel er að verki staðið.



SI og Alþjóðamálastofnun styrkja Evrópurannsóknir

Tvær ungar konur hlutu styrki til lokaverkefna í meistaranámi í Evrópufræðum sem Alþjóðamálastofnun og Samtök iðnaðarins afhentu í mars. Dagbjört Hákonardóttir hlaut styrk fyrir verkefni um úrræði sem aðildarríki innan Evrópusambandsins njóta vegna sérstakra aðstæðna og Jóhanna A. Logadóttir fyrir verkefni um áhrif reglugerða ESB á íslensk sveitarfélög. Þær hlutu hvor 390 þúsund krónur.

Markmið styrkjanna er að veita nemendum á meistarastigi tækifæri til að vinna að rannsóknum sem í senn standast ýrstrustu fræðilegu kröfur og beina sjónum að hagnýtum og knýgjandi spurningum sem varða íslenskt atvinnulíf og samfélag.

Styrkirnir veita nemendum tækifæri til að tengja rannsóknarverkefni sín atvinnulífinu þannig að hvorir tveggja hagnist.

Gullsmíðanemum kynnt starfsemi SI


Gullsmíðanemar Tækniskólans heimsóttu Samtök iðnaðarins í janúar. Nemarnir kynntust innviðum SI sem og starfsemi Félags íslenskra gullsmíða.

Alls var um að ræða 16 nemendur í gullsmíði, á fyrsta og öðru ári, ásamt kennara þeirra, Hörpu Kristjánsdóttur. Þeir voru áhugasamir um starfsemi Samtakanna og spurðu margra spurninga.

Aðspurðir stefndu flestir nemendanna að því að stofna sitt eigið fyrirtæki í fyllingu tímans. Nemendur lýstu yfir mikilli ánægju með gullsmíðanámið og veru sína í Tækniskólanum.



Fríða Jónsdóttir hlaut Skúlaverðlaunin 2009



Fríða Jónsdóttir, gullsmíður, hlaut Skúlaverðlaunin 2009 fyrir verkið „Fjölin hennar ömmu“ á sýningunni HANDVERK OG HÖNNUN í Ráðhúsinu. Fríða hannaði skartgripalínu sem byggist á munstrum í fjöl sem amma hennar skar út. Samtök iðnaðarins styrkja verðlaunin og Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtakanna, afhenti þau. Verðlaunin eru kennd við Skúla Magnússon fótgeta sem var frumkvöðull smá-iðnaðar í Reykjavík.

Tvær viðurkenningar voru veittar auk Skúlaverðlaunanna. Inga Elín fékk viðurkenningu fyrir verkið „Skeljar“ sem eru kertastjakar úr þunnu postulíni og Margrét Guðnadóttir fékk viðurkenningu fyrir verkið „Hangandi hnoðri“ sem er spiladós úr íslenskri óklipptri gæru.

Nýir félagsmenn 2009

Í upphafi árs voru félagsmenn 1.100 en 1.010 í árslok 2009. Stjórn Samtaka iðnaðarins veitti 27 fyrirtækjum beina aðild á liðnu ári og eru þau þessi:

Aflbinding ehf.
B.H. Byggingafélag ehf.
CRI ehf.
Filmus ehf.
G.G. Iagnir ehf.
Glaumur verktakafélag ehf.
Handpoint ehf.
Hannes Jónsson ehf.
Háspennugarður ehf. fjárfesting
Huglausnir ehf.
JÁVERK ehf.
Kerecis ehf.
MaintSoft ehf.
Maritech ehf.
Mentis Cura ehf.
MindGames ehf.
Nox Medical ehf.
Plexigler ehf.
ReMake Electric ehf.
SAGAsystem ehf.
Sauma Technologies Iceland
SÁ verklausnir ehf.
Steingarður ehf.
Steypustöðin ehf.
T.V. ehf-tækniþjón/verktakar
TAS Tækniþjónustan ehf.
Tölvunám ehf.

Þá hafa margir félagar slegist í hópinn hjá fjölmörgum aðildarfélögum Samtaka iðnaðarins. Félagatal Samtaka iðnaðarins er að finna í heild sinni á www.si.is.



Hönnun í anda Errós

Kraum, Listasafn Reykjavíkur og Hönnunarmiðstöð Íslands efndu til samkeppni meðal hönnuða um nýtt hlut. Skilyrði var að hugmyndin yrði sótt í verk myndlistarmannsins Errós í tilefni þess að síðastliðið voru 20 ár síðan hann gaf Reykvíkum safn listaverka.

Dómnefnd valdi fyrst 10 tillögur úr þeim 35 sem bárust í keppnina. Úr þeim var síðan valin ein verðlaunahönnun auk þess sem tvær tillögur hlutu viðurkenningu.

Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir, vöruhönnuður hlaut verðlaun fyrir Minnistöflu fyrir heimili, Óðinn Bolli Björgvinsson fékk viðurkenningu fyrir kjöthamar og Anna Leoniak fékk viðurkenningu fyrir ávaxtaskál.

Þetta er í fyrsta sinn sem staðið er að keppni um verk Errós en Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins lögðu til verðlaunafé ásamt Listasafni Reykjavíkur og Kraumi.



Iðnaðarmálagjald fyrir Mannréttindadómstól Evrópu

Í mars fór fram málflutningur fyrir Mannréttindadómstól Evrópu vegna iðnaðarmálagjalds þar sem félagsmaður í Meistarafélagi húsasmiða krafðist þess að álagning iðnaðarmálagjalds yrði felld úr gildi. Hæstiréttur Íslands hafði með dómi sínum árið 2005 hafnað þeirri kröfu hans. Vænta má niðurstöðu Mannréttindadómstólsins fljótlega á þessu ári.

Yfirlit yfir helstu lög sem SI létu sig varða á árinu

Lög um heimild til samninga um álver í Helguvík

Með lögnum er iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera samning fyrir hönd ríkisstjórnarinnar innan ramma laganna við Century Aluminum Company (eigandann) og Norðurál Helguvík ehf. (félagið) en félagið mun reisa og reka álver á Íslandi.

Lög um visthönnun vöru sem notar orku

Tilgangur laganna er að stuðla að visthönnun vöru sem notar orku með það að markmiði að efla hönnun, framleiðslu, markaðssetningu og notkun á vörum sem eru umhverfisvænar, með minni orkunotkun og umhverfisálag að leiðarljósi.

Lög um breytingar á tollalögum, lögum um vörugjald og lögum um virðisaukaskatt með síðari breytingum

Lögnum er ætlað að bregðast tímabundið við brýnni þörf á greiðsluáðlögun fyrirtækja vegna þess gengisfalls, samdráttar og verðbólgu sem ríkir í íslensku samfélagi um þessar mundir. Um er að ræða nokkurs konar greiðsluáðlögun fyrir atvinnulífið.

Lög um breytingar á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum

Breytingarnar felast í því að endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts er tímabundið hækkað úr 60% í 100% til 1. janúar 2011 af vinnu á byggingarstað, bæði við nýsmíði og viðhald á íðbúðarhúsnæði og sumarhúsum.

Lög um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fl.)

Lögin fela í sér breytingar á ýmsum lögum er varða tekjuöflun ríkissjóðs, m.a. hækkun gjalda af áfengi og tóbaki, bensíngjaldi, bifreiðagjaldi. Einnig er að finna í lögnum breytingar á lögum um virðisaukaskatt.

Lög um tekjuöflun ríkisins

Lögin hafa að geyma víðtækar breytingar á beinum sköttum, þ.e. tekjuskatti, eignarskatti og tryggingagjaldi.

Lög um umhverfis- og auðlindaskatta

Með lögnum er annars vegar tekið upp kolefnisgjald á fljótandi jarðefnaeldsneyti og hins vegar lagður skattur á sölu raforku og heitu vatni.

Lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og lög því tengdu um breytingar á lögum um tekjuskatt

Með lögnum er nýsköpunarfyrirtækjum veittur stuðningur í formi frádráttar frá tekjuskatti í hlutfalli við útlagðan kostnað við rannsóknir og þróun annars vegar og hins vegar er skattaaðilum heimilaður frádráttur frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum sem Rannís hefur viðurkennt.

Ríkiskaupum gert að bjóða út að nýju skv. úrskurðum kæruneftndar útboðsmála

Samtök iðnaðarins kærðu tvö útboð Ríkiskaupa til kæruneftndar útboðsmála fyrir hönd félagsmanna sinna. Í báðum tilvikum voru kærðar ákvarðanir Ríkiskaupa um val á bjóðendum. Annars vegar var um að ræða útboð á ræstingu Landspítalans í Fossvogi og hins vegar matsölu til starfsmanna Landspítala. Fallist var á kröfur Samtakanna í báðum málum og var Ríkiskaupum gert að bjóða verkin út að nýju. Þá var ennfremur álit kæruneftndar að Ríkiskaup væru skaðabótaskyld gagnvart viðkomandi fyrirtækjum og þeim loks gert að greiða fyrirtækjunum allan málskostnað.

Menntadagur 2009

Mannauður í mótbyr



Á menntadegi SI 2009 var fjallað um mannauð og menntun á umbrotatímum. **Katrín Jakobsdóttir**, menntamálaráðherra, ávarpaði þingið. Meðal annars kom fram að nú væri mikil gerjun í atvinnulífinu sem gæfi tækifæri til að nýta betur þekkingu og menntun fólks.

Helgi Magnússon, formaður SI, gerði að umtalsefni fjárframlag hins opinbera til menntamála, sem er óviða hærra í heiminum en hér á landi.

Gunnar Guðni Tómasson, forseti Tækni- og verkfræðideildar HR, fjallaði um stöðu verk- og tæknigreina á Íslandi.

Jón Þór Ólafsson, vörustjóri Marels, greindi frá 25 ára sögu fyrirtækisins og mikilvægi starfsfólks með ólíka menntun og reynslu.

Ingibjörg Óðinsdóttir, mannauðsstjóri Skýrr, sagði frá áherslum fyrirtækisins hvað varðar að byggja upp jákvæðan og árangursríkan starfsanda.

SI verja 280 milljónum króna til menntamála og nýsköpunar


Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri SI, tilkynnti við þetta tækifæri ákvörðun stjórnar SI um að verja 280 milljónum króna til tiltekinna verkefna á sviði menntamála og nýsköpunar næstu þrjú árin og afhenti styrkina. Verkefnið nefnist *Afl til framfara*.

Tækniskólinn hlýtur 75 milljónir króna, Verkfræði- og raunvísindaeildir HÍ 60 milljónir, Tækni- verkfræði- og tölvunar-

deildir HR 45 milljónir og Iðnmennt/Iðnú 45 milljónir til námsgagnagerðar fyrir iðn- og starfsnám. Allt að 20 milljónum verður varið til vinnustaðanáms og 10 milljónum til að kynna nám tengt iðnaði. Sex milljónir renna til Klaks og HR og 10,5 milljónir til Hátækni- og sprotavettvangs. Þá framlengdu Samtökin samstarfssamning við Háskóla Íslands, um Alþjóðamálastofnun HÍ. Samtökin, sem hafa verið aðalbakhjarl Alþjóðamálastofnunar frá árinu 2002, skuldbundu sig til að styrkja stofnunina um 2,5 milljónir króna árlega eða um 7,5 milljónir alls. Styrkirnir eru hugsaðir sem sérstakt framlag til að leggja grunn að nýrri framsókn íslensks iðnaðar.



Loftslagsmál eitt af heitu málunum



Umræðan um loftslagsmál náði hámarki í kringum COP15 ráðstefnuna sem haldin var í Kaupmannahöfn í desember. Megináhersla var lögð á mikilvægi samninga um loftslagsmál, þegar á annað hundrað þjóðhöfðingjar komu til ráðstefnunnar. Niðurstaðan var ekki eins afgerandi og vonast var til því að ekki voru sett fram bindandi markmið sem taka við af Kýótó

samkomulaginu þegar það rennur út árið 2012. Freista á þess að finna farveg fyrir bindandi samkomulag í Mexíkó í desember 2010. Meginviðmið fyrir þá vinnu er að hlýnun verði ekki meiri en 2°C á þessari öld, að ríkin setji sér sjálf markmið um minni losun samkvæmt tilteknum skilmálum, að iðnríkin leggi fjármagn í sjóði til stuðnings þróunarríkjum, að Sameinuðu þjóðirnar hafi eftirlit með losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda og þróa á áfram viðskiptakerfi með losunarheimildir.

Víðtæk umræða

Breiddin er mikil í umræðunni því til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda þarf að skoða ýmsa þætti, s.s. tækniþróun, orkumál, byggingarhefð, landnotkun, landbúnað, fiskveiðar og samgöngur. Þetta snertir allar atvinnugreinar á einhvern hátt óháð því hvort viðkomandi starfsemi sjálf veldur losun eða ekki. Atvinnulífið hefur frá upphafi verið áberandi í umræðu um loftslagsmál. Megin-skilaboðin frá því eru að atvinnulífið sé hluti af lausninni. Áhersluatriðin eru að samningarnir verði gagnsæir, gildi á alþjóðavísu, þar komi fram langtímasýn og að bæði iðnríki og þróunarríki taki þátt í þróuninni.

Tækniþróun er lykilorð

Tækniþróun er lykilorð í loftslagsmálum. Kallað er eftir loftslagsvænni tækni á öllum sviðum. Margar þjóðir líta á það sem nauðsyn að leggja fé í tækni og þróun á þessu sviði til að sitja ekki eftir í nýrri tækniþylgju. Ríki heims keppast við að byggja upp hjá sér nýja tækni, sérstaklega á sviði nýrra orkugjafa. Fyrirtæki í öllum geirum leggja áherslu á að haga hönnun, framleiðslu og þjónustu með tilliti til losunar gróðurhúsalofttegunda. Breyttir tímar kalla á breytta tækni og atvinnulíf sem getur boðið lausnir. Mikil reynsla er til héraðs og áhugi er á að byggja hér enn frekar upp þekkingu á sviði orku- og umhverfistækni.



Viðskipti með losunarheimildir

Vilji er til að þróa áfram viðskiptakerfi með losunarheimildir. Um er að ræða bæði viðskiptakerfi eins og starfrækt er innan ESB og einnig kerfi fyrir samstarf milli landa um tækniyfifærslu og uppbyggingu þekkingar í þessu efni. Dæmi um það eru kerfi um sameiginlega framkvæmd (JI) og kerfi um hreina þróun (CDM). Hugmyndin á bak við viðskiptakerfin er að minnkun útstreymis sé jafn gagnleg umhverfinu, sama hvar í heiminum hún á sér stað. Þau eru hvati til þess að dregið verði úr útstreymi þar sem hagkvæmni er mest. Einnig er horft til uppbyggingar í þróunarríkjum og að færa nýjustu tækni og aðferðir til þessara ríkja. Fram til þessa hafa verið takmarkanir á þátttöku Íslands í slíkum viðskiptum, þar sem heimildir innan íslenska ákvæðisins voru bundnar þeim skilyrðum að þær mátti ekki selja. Eins og fram kemur hér að neðan er breytinga að vænta og ætla má að áhugi á viðskiptum með losunarheimildir muni glæðast héraðs.

Samkomulag við ESB

Ríkisstjórn Íslands tilkynnti um mitt ár vilja til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 15% fram til ársins 2020. Í desember var svo ákveðið að ganga til samninga við ESB um þátttöku Íslands í aðgerðum ESB eftir 2012, þegar skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar lýkur. Í því felst að ef alþjóðlegt samkomulag næst er vilji til að draga úr losun um 30% fram til ársins 2020. Íslenska ákvæðið svokallaða verður ekki hluti af samkomulaginu en þær heimildir verða sóttar í viðskiptakerfi ESB með útstreymisheimildir (ETS) og orkufrekur iðnaður á Íslandi mun lúta sömu lögmálum og samskonar fyrirtæki í Evrópu. Önnur losun en sú sem fellur undir viðskiptakerfið mun falla undir almenn losunarákvæði ESB (Effort Sharing), þ.e. eldsneytisnotkun og útstreymi frá almennum iðnaði, úrgangi og landbúnaði. Héraðs er það samgöngur og fiskiskipaflokkurinn sem vega þyngst. Um mitt ár var birt skýrsla nefndar sem SI áttu aðild að um möguleika til að draga úr nettóútstreymi gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Þar kemur fram að fyrir hendi eru ýmsar tæknilegar lausnir en því lengra sem við teygjum okkur, því dýrara verður það.

Ráðgjafaráð SI

Ráðgjafaráð er stjórn Samtaka iðnaðarins til ráðuneytis við mikilvægar ákvarðanir og stefnumótun. Í ráðgjafaráði sitja þeir sem voru næst því að ná kjöri í stjórn Samtakanna, fulltrúar tilnefndir af starfsgreinahópum og fulltrúar Samtakanna í stjórn SA. Eftir Iðnþing 2009 er ráðgjafaráðið þannig skipað:

Fulltrúar kosnir á Iðnþingi:

Andrés Gunnlaugsson, Hjálmarsson ehf.
Bóli Árnason, GT Tækni ehf.
Einar Birgir Kristjánsson, Tandraberg ehf.
Magnús Hilmar Helgason, Launafl ehf.
Sigurður Eggert Gunnarsson, Gogogic ehf.
Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, Unique Hár og Spa

Endurvinnslu iðnaður:

Haraldur Þ. Ólason, Fura ehf.
Sveinn Hannesson, Gámaþjónustan hf.

Gúmmí-, plast-, fata- og leðuriðnaður:

Guðmundur Gunnarsson, Hampiðjan

Heilbrigðistækni iðnaður og líftækni:

Einar Mäntylä, ORF líftækni ehf.
Hafrún Friðriksdóttir, Actavis hf.
Jón Gunnar Jónsson, Actavis hf.
Sigríður Valgeirsdóttir, NibelGen System, útibú á Íslandi
Snorri Þórisson, Rannsóknþjónustan Sýni ehf.
Þráinn Þorvaldsson, SagaMedica-Heilsujurtir ehf.

Húsgagna- og húshluta iðnaður:

Bergsteinn Einarsson, Set hf.
Guðmundur Ásgeirsson, Á. Guðmundsson ehf.
Óli Jón Gunnarsson, Loftorka Borgarnesi ehf.

Mannvirkjagerð:

Andrés Sigurðsson, Loftorka Reykjavík ehf.
Gunnar Sverrisson, Íslenskir aðalverktakar hf.
Haraldur Sumarliðason, byggingameistari
Magnús Jónsson, Ris ehf.
Skarphéðinn Ómarsson, Háfell ehf.
Stefán Friðfinnsson, Íslenskir aðalverktakar hf.
Stefán Jónsson, Meistaraf. bygg.manna á N-landi
Þorkell Gunnarsson, Félag skrudgarðyrkjumeistara
Þorsteinn V. Sigurðsson, Málameistarafélag Reykjavíkur

Matvæla-, fôður- og drykkjarvöru iðnaður:

Andri Þór Guðmundsson, Ölgerðin Egill Skallagrímsson
Katrín Pétursdóttir, Lýsi hf.
Magnús Ólafsson, Mjólkursamsalan ehf.
Sigurður Jóhannesson, SAH Afurðir ehf.

Málmiðnaður:

Bjarni Thoroddsen, Stálsmiðjan ehf.
Brynjar Haraldsson, Frostverk ehf.
Þorsteinn Ögmundsson, Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf.
Þröstur Hafsteinsson, Þ.H. blikk hf.

Prent- og pappír iðnaður:

Baldur Þorgeirsson, Kvos

Guðbrandur Magnússon, Morgunblaðið Árvakur hf.
Sveinbjörn Hjálmarsson, Umslag ehf.
Sverrir Brynjólfsson, Svansprent ehf.
Þórleifur V. Friðriksson, Hjá Guðjón Ó ehf.

Samtök heilsuræktastöðvar:

Ágústa Johnson, Framvörður ehf.
Björn Leifsson, Þrek ehf.

Samtök hjóðvera og upptökustjóra:

Barði Jóhannsson, Bang ehf.
Páll Ólafsson, Stúdíó Sýrland ehf.

Sprotafyrirtæki:

Jón Ágúst Þorsteinsson, Marorka ehf.
Vilborg Einarsdóttir, Mentor ehf.

Stóriðja:

Ragnar Guðmundsson, Norðurál ehf.
Rannveig Rist, Alcan á Íslandi hf.

Upplýsingatækni iðnaður:

Guðmar Guðmundsson, TM Software
Hermann Kristjánsson, Vaki - DNG hf.
Þórólfur Árnason, Skýrr

Þjónustuiðnaður:

Leifur Jónsson, Skartís ehf.



Hjólað í vinnuna

Starfsmenn SI tóku þátt í áttakinu „Hjólað í vinnuna“ og að þessu sinni sigraði Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI. Hann hjólaði tæplega 400 km á þeim 14 dögum sem átakið stóð. Skipt var í tvö lið, sem Bjarni Már og Bryndís Skúladóttir, forstöðumaður umhverfissviðs SI veittu forystu.

Lið Bjarna, Mótvindur, sigraði lið Bryndísar, Hjól atvinnulífsins, naumlega í æsispennandi keppni. Bryndís varð í öðru sæti og Sigurður B. Halldórsson, lögfræðingur SI, í því þriðja. Sigurður, sem vann keppnina á síðasta ári, færði Bjarna Má farandbikarinn til varðveislu.

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins í árslok 2009



**Jón Steindór
Valdimarsson**
Fram-
kvæmdastjóri



**Jón Bjarni
Gunnarsson**
Aðstoðarfram-
kvæmdastjóri



**Árni
Jóhannsson**
Forstöðumaður
mannvirkjasviðs



**Ásgeir
Magnússon**
Forstöðumaður
skrifstofu SI á
Norðurlandi



**Bjarni Már
Gylfason**
Hagfræðingur



**Bryndís
Skúladóttir**
Forstöðumaður
umhverfismála



**Dagmar E.
Sigurðardóttir**
Álagning
félagsgjalda
Innheimta,
bókari



Davíð Lúdvíksson
Forstöðumaður
stefnumótunar og
nýsköpunar



**Ferdinand
Hansen**
Verkefnastjóri
gæðamála



**Friðrik
Ólafsson**
Meistarafélag
iðnaðarmanna í
Hafnarfirði



**Haraldur D.
Nelson**
Forstöðumaður
upplýsingatækni
og prentsviðs



**Ingi Bogi
Bogason**
Forstöðumaður
menntamála



**Ingólfur
Sverrisson**
Forstöðumaður
málm- og
véltækisviðs



**María
Hallbjörnsdóttir**
Gjaldkeri



**Ragnheiður
Héðinsdóttir**
Forstöðumaður
matvælasviðs



Rakei Pálsdóttir
Forstöðumaður
almannatengsla



**Sigurður B.
Halldórsson**
Lögræðingur



**Valdís
Axeförð**
Móttaka



**Þóra
Guðmundsdóttir**
Móttaka
Innheimta




Þóra Ólafsdóttir
Móttaka
Umbrot

Starfsmannabreytingar



Sigríður Guðlaugsdóttir lét af störfum á árinu. Sigríður var verkefnastjóri miðlunar. Í starfinu fólst meðal annars ritstjórn á vef og fréttablaði Samtakanna.

Samtök iðnaðarins óska henni velfarnaðar á nýjum vettvangi um leið og henni eru þökkun vel unnin störf.



Útgefandi Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími 591 0100 • Fax 591 0101 • mottaka@si.is • www.si.is
Ritstjórn: Rakeł Pálsdóttir
Ljósmyndir: Odd Stefán
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Prentvinnsla: Prenttækni



